

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Helgi Bjarnason, sæti 8 mánaða fangelsi.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ. m. t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 2.000.00.

Þriðjudaginn 20. september 1983.

Nr. 102/1983. **Valdstjórnin**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

A

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Lögræði. Sýknað af kröfu um sviptingu sjálfræðis. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var að ósk skipaðs talsmanns varnaraðilja í héraði skotið til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1983.

Af hálfu valdstjórnarinnar er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur og að áfrýjunarkostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að hann verði sýknaður af kröfum valdstjórnarinnar í málinu og allur kostnaður málsins, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs talsmanns, verði greiddur úr ríkissjóði.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti lagði skipaður talsmaður varnaraðilja fram bréf dr. Tómasar Helgasonar yfirlæknis um vistun varnaraðilja í Kleppsspítala 16. nóvember 1982 til 9. febrúar 1983 og aftur frá 18. febrúar til 20. júlí 1983 og dvöl hans óslitið síðan á einu af heimilum spítalans.

Ágrip barst Hæstarétti 10. ágúst 1983.

Svo sem greinir í héraðsdómi, er krafa valdstjórnarinnar um sjálfræðissviptingu eingöngu byggð á ákvæði 1. töluliðar 5. gr. laga um lögræði nr. 95/1947. Skilja verður kröfugerð og málatilbúnað valdstjórnarinnar svo, að geðveiki varnaraðilja sé ein ástæða kröfu um sjálfræðissviptingu.

Í málinu liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um, hversu oft og hversu lengi varnaraðili hafi verið vistaður á Kleppsspítala. Um geðheilsu hans liggja fyrir 4 vottorð Lúðvíks Ólafssonar lækni, eins og greinir í héraðsdómi, svo og álit Hrafns V. Friðrikssonar lækni, sem kemur fram í beiðni um sjúkrahúsvist 16. nóvember 1982. Í síðastgreinda skjalinu kemur ekki annað fram frá læknum sjálfum en að sjúklingur hafi við skoðun verið nokkuð ruglaður og liðið illa af innri spennu. Síðar í skjalinu segir, að vegna geðveiki A sé nauðsynlegt, að hann komist á sjúkrahús. Jafnframt er tekið fram, að sjúklingur telji sjálfur, að hann þurfi að komast á sjúkrahús til að fá lyfjameðferð.

Í vottorðum Lúðvíks lækni Ólafssonar er varnaraðili talinn haldinn geðklofasýki. Í vottorðum þessa lækni kemur fram, að í viðtölum hafi ekki borið á neinum ranghugmyndum varnaraðilja, og í síðasta vottorðinu, að hann hafi verið rólegur og greinargóður. Jafnframt má ráða af vottorðunum og öðru, sem fram hefur komið í málinu, að varnaraðili hafi oft verið vistaður á geðsjúkrahúsi að eigin vilja, en erfiðleikar hans aðallega verið í því fölgirnir, að hann hætti lyfjameðferð, er út af sjúkrahúsi kom. Í vottorðunum kemur m. a. fram, að varnaraðili sé ófær um að sjá sér farborða og því nauðsynlegt að svipta hann sjálfræði.

Eins og að framan greinir, er í vistunarbeiðni Hrafns V. Friðrikssonar ekki greint frá geðheilsu varnaraðilja sem niðurstöðu af atvugunum læknisins sjálfs. Verður því ekki á henni byggt um það atriði. Í vottorði Lúðvíks Ólafssonar er greint frá félagslegum erfiðleikum varnaraðilja vegna slita á tengslum við sambýliskonu og getuleysi aldraðra foreldra til þess að veita honum skjól svo og því, að sjálfur sé hann ófær um að sjá sé farborða. Hins vegar kemur fram, að í viðtölum læknisins við sjúklinginn var hann rólegur og greinargóður og að ekki bar á neinum ranghugmyndum.

Með vísan til framanritaðs verður að telja ósannað, að varnaraðili

hafi sökum geðveiki verið ófær um að ráða persónulegum högum sínum, er hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp, samanber 1. tölul. 5. gr. lögræðislaga. Ber því að sýkna hann af öllum kröfum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 95/1947 á allur kostnaður af málinu að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanns varnaraðilja hér fyrir dómi, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur, en ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað á að vera óbreytt.

D ó m s o r ð :

Varnaraðili A á að vera sýkn af kröfu valdstjórnarinnar í máli þessu.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns varnaraðilja í héraði, Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, 4.000.00 krónur, og fyrir Hæstarétti, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 7.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Halldórs Þorbjörnssonar hæstaréttardómara

Ég tel, að staðfesta eigi hinn áfrýjaða dóm með skírskotun til forsendna hans.

Ég er sammála málskostnaðarákvæði meiri hluta dómara.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. mars 1983.

Ár 1983, föstudaginn 25. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 114/1983: Valdstjórnin gegn A (sjálfræðissviptingarmál), sem tekið var til dóms 23. mars sl.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari af valdstjórnarinnar hálfu með málshöfðunarskjali, dagsettu 21. desember 1982, gegn varnaraðilja A, Reykjavík, fæddum 1946 þar í borg, til sviptingar sjálfræðis af ástæðum, sem greindar eru í 1. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði. Málið er höfðað samkvæmt heimild í 2. og 6. tl. 7. gr. lögræðislaga, sbr. 4. tl. 2. gr., sbr. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Málavextir eru sem hér segir:

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 8. október sl., og bréfi B, Reykjavík, móður varnaraðilja, dags. 16. nóvember sl., var þess krafist, að varnaraðili yrði sviptur sjálfræði. Í bréfum þessum kemur fram, að krafist er sjálfræðissviptingar, til þess að unnt verði að vista varnaraðilja á viðeigandi sjúkrahúsi.

Í máli þessu hafa verið lögð fram fjögur vottorð Lúðvíks Ólafssonar, heimilislæknis varnaraðilja, sem hann hefur staðfest fyrir dómi. Í vottorði hans, dags. 31. maí 1982, sem ritað er að beiðni þáverandi sambýliskonu varnaraðilja, D, segir svo: „A hefur um árabíl verið geðveikur, haldinn geðklofasýki. Vegna þessa hefur hann oft sinnis dvalið á Kleppsspítala um lengri eða skemmri tíma. Yfirleitt mun hann hafa útskrifast þaðan í allgóðu ástandi, en yfirleitt sótt aftur í sama horfið, þar sem hann hefur ekki hirt um að fá áframhaldandi lyfjameðferð. Sjúkdómur A hefur valdið miklu álagi á fjölskyldu hans, einkum D, þar sem börnin eru enn ung. Dóttirin, 4 ára, er þó farin að skilja, að eitthvað er athugavert við föður hennar. Erfiðleikarnir eru einkum vegna ósveigjanleika A og krafna hans um, að framfylgt sé óraunhæfum óskum af hans hendi. Einnig á hann til að æsast mjög, ef honum er gert á móti skapi. Hefur D margoft flúið að heiman þess vegna og hefur því ekki komið til líkamlegra átaka um árabíl á milli hennar og A. 30.05.82 lét D flytja A í fangageymsluna að Hverfisgötu. Hafði hún þá um morguninn vaknað við, að A tók sofandi dóttur þeirra fram í eldhús og reyndi að koma ofan í hana vítamínunum. Viðskipti mín við A hafa einkennst af fáskiptni hans. Ég sá A í fangageymslu lögreglunnar við Hverfisgötu 31.05.82. Kvartaði hann um innri spennu, en sýndi lítið sjúkdómsinnisæi að öðru leyti. Hafði hann enga hugmynd um, hver aðdragandi var að handtöku hans 30.05.82.

Saga A og versnandi heilsufar bendir eindregið til þess, að hann muni ekki geta séð um sig sjálfur og einnig að hann kunni að vera hættulegur öðrum, einkum fjölskyldu sinni. Þar sem D treystir sér ekki til þess að ala önn fyrir honum, sé ég ekki önnur úrræði en að hann verði sviptur sjálfræði, svo hægt verði að finna honum samastað, eins og best verður á kosið.“

Í öðru vottorði Lúðvíks, dags. 7. október 1982, sem einnig er ritað að beiðni D, segir m. a. svo um varnaraðilja: „Nú er svo komið, að D treystir sér ekki til þess að búa með honum lengur. Sjúkdómur hans er farinn að setja áberandi mark á allt fjölskyldulífið. A er mjög ósveigjanlegur í óraunhæfum kröfum sínum til annarra fjölskyldumeðlima. Ég sá A síðast á heimili sínu þ. 07.10.82. Í viðtali við hann kom ekkert fram, er bent til ranghugmynda, hins vegar gaf hann mjög óljósar hugmyndir um framtíðaráætlanir. Hann sýndi merki um lítið sjúkdómsinnisæi.

Heilsufarssaga A bendir eindregið til þess, að hann sé ófær um að sjá um sig sjálfur.“ Að öðru leyti er þetta vottorð læknisins í samræmi við vottorð hans, dags. 31. maí 1982. Framangreind tvö læknisvottorð fylgdu bréfi dómsmálaráðuneytisins til dómsins.

Þriðja vottorð læknisins, sem dags. er 16. nóvember 1982, er sama efnis og hin fyrri, og vísar læknirinn m. a. til þeirra. Í þessu vottorði segir m. a.: „A hefur eftir síðustu útskrift af Kleppi haft samastað hjá foreldrum sínum, en öldruð móðir hans treystir sér ekki til að hafa hann í því ástandi, sem hann er. Ástand hans mun vera slíkt, að hann er ófær um að sjá um sig sjálfur.“ Í vottorði þessu kemur fram, að læknirinn hafði ekki tök á að sjá varnaraðilja daginn, sem það er ritað, en vísað er til læknisvottorðs Hrafns V. Friðrikssonar, dags. sama dag, sem vikið verður að hér á eftir.

Í síðasta vottorði Lúðvíks Ólafssonar læknis, dags. 19. nóvember 1982, segir svo: „Að beiðni lækna Kleppsspítalans skoðaði ég A í gær í húsnæði spítalans, Viðihlið.

Í viðtalinu var A rólegur og greinargóður. Ekki bar á neinum ranghugmyndum. Hins vegar kom fram, að sjúkdómsinnisæi hans er lítið, og reyndar kann hann því illa að vera flokkaður sem „sjúklingur“. Af þeim ástæðum hafnar hann áframhaldandi lyfjameðferð, er út af sjúkrahúsi er komið. Hefur þetta ítrekað leitt til ruglástands og jafnvel árásartilhneigingar. Þó þykir honum engan veginn fullreynt, að hann geti ekki „fungerað“ án lyfja.

Fyrri saga A er slík, að hann virðist ekki geta sinnt þörfum sínum. Nú þegar hann og D, fyrrum sambýliskona hans, hafa slitið samvistum, á hann ekki í nein hús að venda. Er því fyrirsjáanlegt, að ítrekað þurfi að leggja hann inn á geðsjúkrahús til lyfjameðferðar. Foreldrar hans aldraðir treysta sér ekki til þess að hýsa hann, þegar ástand hans er slæmt. M. t. t. ofansagðs tel ég, að A sé ófær um að sjá sér farboða og því nauðsynlegt að svifta hann sjálfræði, svo grípa megí inn í meðferð á hans sjúkdómi, þegar þörf krefur.“

Í beiðni Hrafns V. Friðrikssonar læknis um sjúkrahúsvist fyrir varnaraðilja, sem dagsett er 16. nóvember 1982, segir, að varnaraðili hafi verið færður í fangageymslu lögreglunnar 15. nóvember að beiðni sambýliskonu hans vegna geðveiki. Hann hafi útskrifast frá Kleppsspítala fyrir 2 - 3 vikum, en muni ekki hafa tekið geðlyf að undanfögnu. Enn fremur segir svo: „Við skoðun í dag er sjúkl. nokkuð ruglaður og líður mjög illa af innri spennu. Hann telur sjálfur, að hann þurfi að komast á sjúkrahús til að fá lyfjameðferð. Vegna geðveiki A og ástands er nauðsynlegt, að hann komist á sjúkrahús í dag.“ Hrafn V. Friðriksson læknir hefur staðfest sjúkrahúsvistunarbeiðni sína fyrir dómi.

Samkvæmt upplýsingum í bréfi Lárusar Helgasonar, yfirlæknis á Klepps-

spítala, dags. 9. desember 1982, hefur varnaraðili legið á spítalanum sem hér segir:

„02.03.72 — 16.03.72	01.06.72 — 22.06.72
24.11.75 — 19.01.76	17.11.78 — 15.12.78
21.03.79 — 08.06.79	07.08.79 — 14.08.79
19.09.79 — 06.11.79	17.04.80 — 30.04.80
10.03.82 — 24.03.82	31.05.82 — 18.08.82
18.08.82 — 11.09.82	09.10.82 — 29.10.82“

Þá var varnaraðili inn lagður 16. nóvember 1982 og var enn á spítalanum hinn 9. desember sl. Samkvæmt upplýsingum, sem dómari máls þessa fékk á deild VIII á Kleppsspítala 22. febrúar sl., útskrifaðist varnaraðili þaðan 9. febrúar sl., en var lagður inn á ný 18. sama mánaðar.

Móðir varnaraðilja, B, Reykjavík, kom fyrir dóminn 19. nóvember sl. og staðfesti framangreinda sjálfræðissviptarbeiðni sína, en skoraðist undan vitnisburði samkvæmt heimild í 3. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974.

Sama dag kom einnig fyrir dóminn D, Reykjavík. Kvaðst hún hafa verið í sambúð með varnaraðilja frá því í mars 1976 þar til um vorið 1982, er þau slitu samvistum. Þau hafi ekki gífst, en hún hafi verið unnusta hans, á meðan sambúð þeirra varði, og hafi þau eignast þrjú börn, en tvö þeirra, 4 ára og 2 ára, séu á lifi. D'skoraðist undan vitnisburði samkvæmt heimild í 2. tl. 89. gr. laga nr. 74/1974.

Varnaraðili kom einnig fyrir dóminn sama dag. Hann gerði engar athugasemdir við gögn málsins, en vildi ekki tjá sig neitt um þau.

Hinn 19. janúar sl. barst dóminum bréf B, ódagsett, þar sem hún afturkallar beiðni sína um, að varnaraðili verði sviptur sjálfræði.

Varnaraðili kom á ný fyrir dóminn við þingfestingu máls þessa hinn 22. febrúar sl. Er hann var spurður, hvort hann teldi sig eiga við andlegan sjúkdóm að stríða, kvað hann sér stundum vera þungt fyrir hjarta og yfir höfði. Hann kvaðst hafa verið útskrifaður af Kleppsspítala 9. febrúar sl., en leitað þangað aftur 18. sama mánaðar, þar sem hann var húsnæðislaus, en ekki vegna þess, að hann teldi sig þurfa læknisaðstoð. Hann kvaðst fá þar lyf, en hann tæki þau ekki inn samkvæmt læknisráði utan spítalans, þar sem hann álti sig geta verið án þeirra og ekki vera haldinn neinum þeim geðsjúkdómi, sem geri lyfjameðferð nauðsynlega. Hann kannaðist við, að D hafi flúið af heimili þeirra vegna erfiðleika í sambúð þeirra. Kvað hann erfiðleikana stafa af lyfjatökum hans samkvæmt læknisráði, en áhrif þeirra séu misjöfn eftir því, hvernig hann er fyrirhallaður. Varnaraðili vissi ekki, hvort sambúð þeirra D væri lokið.

Spurningum dómarsins um það, hverjar ástæður varnaraðili telji vera

fyrir vistunum hans á Kleppsspítala og hvort hann verði var breytinga á ástandi sínu, er frá þeim liður, svaraði hann út í hött.

Varnaraðili var andvígur því, að þeir lækna, sem hafa haft hann að gera, yrðu kvaddir fyrir dóminn til vitnisburðar í máli þessu.

Niðurstöður.

Af hálfu talsmanns varnaraðilja, Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, er þess krafist, að synjað verði kröfu valdstjórnarinnar um sjálfræðissviptingu. Talsmaðurinn bendir á, að móðir varnaraðilja hafi afturkallað sjálfræðissviptingarbeiðni sína og að framhald málsins byggist því á beiðni og sé á ábyrgð dómsmálaráðuneytisins. Ástæða móður varnaraðilja fyrir sjálfræðissviptingarbeiðni, þ. e. „að hægt verði að koma honum á geðsjúkrahús“, sé ekki lengur fyrir hendi, þar sem hann hafi útskrifast af Kleppsspítala 9. febrúar sl., en leitað þangað af eigin hvötum 18. febrúar vegna húsnæðisleysis. Þá telur talsmaðurinn vafasamt, hvort ástæða þess, að dómsmálaráðuneytið óskaði sjálfræðissviptingar á varnaraðilja, sé lengur fyrir hendi, og bendir á, að ekki liggur fyrir yngra læknisvottorð en síðan 19. nóvember sl.

Samkvæmt b lið 6. tl. 7. gr. lögræðislaga getur dómsmálaráðuneytið gert kröfu um lögræðissviptingu, þegar það telur það réttmætt vegna tilmæla aðilja sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina eða vegna vitneskju um hag aðilja, er það hefur fengið á annan hátt. Svo sem að framan greinir, fylgdu bréfi dómsmálaráðuneytisins, þar sem gerð var krafa um sjálfræðissviptingu varnaraðilja, tvö vottorð heimilislæknis hans, og var annað þeirra eins dags gamalt, dags. 7 október sl., en hitt var dags. 31. maí sl. Bæði þessi vottorð voru rituð að beiðni D. Samkvæmt þessu hafði dómsmálaráðuneytið nýleg gögn um varnaraðilja undir höndum, er það gerði kröfu um sjálfræðissviptingu hans. Við meðferð málsins var aflað nýrra vottorða Lúðvíks Ólafssonar læknis og Hrafns V. Friðrikssonar læknis, svo sem að framan er rakið, en varnaraðili lagðist gegn því, að þeir lækna, sem hafa haft með hann að gera og ætla verður, að hafi mesta vitneskju um andlega heilsu hans, yrðu kvaddir fyrir dóminn til vitnisburðar, sbr. 2. tl. 1. mgr. 94. gr. laga nr. 74/1974. Er því ekki annað fært en að byggja á fyrirbyggjandi læknisvottorðum í máli þessu.

Svo sem að framan greinir, var varnaraðili lagður inn á Kleppsspítalann í 13. sinn hinn 16. nóvember sl., og 9. desember sl., þegar bréf Lárusar Helgasonar yfirlæknis er skrifað, hafði hann dvalið þar samtals í 426 daga. Varnaraðili telur sig ekki þurfa á lækniaðstoð að halda né vera haldinn neinum þeim geðsjúkdómi, sem geri lyfjameðferð nauðsynlega, og taki því ekki lyf samkvæmt læknisráði. Hann gat ekki gert grein fyrir vistunum sínum á Kleppsspítala.

Telja verður sannað með framangreindum vottorðum heimilislæknis varnaraðilja og Hrafns V. Friðrikssonar læknis, að varnaraðili sé haldinn geðklofasýki á svo háu stigi, að hann sé af þeim sökum ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum. Þykir því rétt, með vísan til 1. tl. 5. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 að verða við kröfu valdstjórnarinnar og svipta varnaraðilja sjálfræði. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að þessu leyti, sbr. 178. gr. laga nr. 74/1974.

Samkvæmt 15. gr. lögræðislaga ber að dæma ríkissjóð til greiðslu alls kostnaðar af máli þessu, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns varnaraðilja, Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 4.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili A skal sviptur sjálfræði. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns varnaraðilja, Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, 4.000.00 krónur.

Fimmtudaginn 22. september 1983.

Nr. 8/1981. **Örn S. Agnarsson**
(Jón Oddsson hrl.)

gegn
Sigurði Ó. Jónssyni
og gagnsök
(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.).

Skuldamál. Áfrýjun. Gagnsök vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Arnljótur Björnsson prófessor.